

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við u-beygju á Reykjanesbraut úr norðri í norður á gatnamótum Álfabakka.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. mars 1998.

e.u.

Sturla Þórðarson.

AUGLÝSING**um sveitarstjórnarkosningar 1998.**

Á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram 23. maí 1998.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 25° réttvísandi frá Skorarvíta, frá og með 9. apríl til og með 18. apríl 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. apríl 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.